

**SVERRIR THORSTENSEN, KATRÍN HERMANNSDÓTTIR
KETILL ÞÓR THORSTENSEN, KRISTJÁN ÓLI
SVERRISSON OG SNÆVARR ÖRN GEORGSSON**

FUGLALÍF VIÐ HUNDATJÖRN Í NAUSTAFLÓA VORIÐ 2022



Naustaflói

Ljósmynd: Sverrir Thorstensen 29. maí 2022

**KÖNNUN GERÐ AÐ BEIÐNI
UMHVERFIS- OG MANNVIRKJASVIÐS AKUREYRAR**

AKUREYRI ÁGÚST 2022

EFNISYFIRLIT:

1	INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS	2
2	TALNINGARAÐFERÐIR	4
3	VARPFUGLAR	5
4	AÐRIR FUGLAR	9
5	SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR	9
6	LOKAORÐ	10
7	ÞAKKIR	10
8	HEIMILDIR	10
9	VIÐAUKI: FRÆÐIHEITI FUGLATEGUNDA	11

1 INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS

Að beiðni umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrar var gerð úttekt á fuglalífi í Naustaflóa vorið 2022 og er það níunda talningin frá árinu 2008¹⁻⁸. Svæðið er um 0,01 km² eða um 1 hektari. Um fjórðungur svæðisins er undir vatni eða blaut mýri. Syðri hlutinn er þurrari og þar þekja tré, aðallega birki og gulvíðir, æ stærri hluta. Trjágróður hefur einnig aukist verulega nyrst á talningarsvæðinu vestan við gamla framræsluskurðinn. Vorið 2022 stóð vatn óvenju hátt á svæðinu öllu. Árið 2021 var lagður tvöfaldur rafmagnsjarðstrengur eftir svæðinu endilöngu nálægt vesturmörkum. Við það myndaðist áberandi farvegur sem var nánast fullur af vatni þegar talning fór fram (1. mynd). Gera má ráð fyrir að raskaða svæðið muni gróa upp með tímanum.



1. mynd. Naustaflói. Leið jarðstrengs um flóann. Ljósmynd: Sverrir Thorstensen 29. maí 2022.

Markmiðið með talningunum er að fylgjast með framvindu fuglalífs á svæðinu eftir að Hundatjörn og votlendið var endurheimt þegar skurður norður úr svæðinu var stíflaður sumarið 2007 og stíflugarður var byggður sumarið 2009 (2. mynd).



2. mynd. Naustafloi. Rauð lína afmarkar talningarsvæðið. Stíflugarður sýndur með svörtu. Fuglaskoðunarskýli vestan svæðis. Land undir vatni er skástrikað.

2 TALNINGARAÐFERÐIR

Talningin fór fram 29. maí. Byrjað var á því að horfa yfir flóann úr fuglaskoðunarskýlinu og var þá sérstaklega leitað eftir öndum á tjörnum og í votlendi. Síðan var gengið skipulega um allt svæðið og var bil á milli fimm talningarmanna um fimm metrar. Á 3. mynd sést gönguleið eins talningarmanns.



3. mynd. Gönguleið eins talningarmanns í Naustaflóa 29. maí 2022.

Óðalsbundnir fuglar voru merktir inn á loftmynd og einnig hreiður sem fundust. Hettumáfar voru taldir ofan af hæstu klöppinni austan flóans og einnig voru hreiður talin. Fjöldi varppara hettumáfa fæst með því að margfalda fjölda fugla með viðvistarstuðlinum 0,61⁹. Aðstæður til talningar voru ágætar, heiðskirt og logn.

3 VARPFUGLAR

Alls fundust 14 tegundir varpfugla á svæðinu og er það fjölgun um 2 tegundir frá síðustu talningu vorið 2020. Álftr varp ekki í Naustaflóa núna, en rauðhöfðaönd, þúfutittlingur og auðnutittlingur komu aftur sem varpfuglar. Fjöldi varppara var 75 og er það fækkun um 43 pör frá 2020 (sjá 1. töflu). Hreiður og óðul grágæsa, anda, rjúpu, hettumáfa og spörfugla eru sýnd á 4. mynd og vaðfugla á 5. mynd.

Grágæs - *Anser anser*

Par með hreiður með fjórum eggjum og par á óðali. Fjöldi varppara var 2.

Rauðhöfðaönd – *Anas penelope*

Eitt hreiður með úrétnum eggjum fannst. Þrír steggir sáust. Fjöldi varppara var 3.

Urtönd - *Anas crecca*

Eitt par og tveir steggir sáust. Fjöldi varppara var 3.

Stökkönd - *Anas platyrhynchos*

Tveir steggir sáust. Fjöldi varppara var 2.

Skúfönd - *Aythya fuligula*

Tvö hreiður fundust, annað með níu eggjum en hitt með 15. Fjöldi varppara var 2.

Rjúpa - *Lagopus muta*

Eitt par og stakur karri sáust. Fjöldi varppara var 2.

Hrossagaukur - *Gallinago gallinago*

Alls fundust 17 hreiður og er það langmesti fjöldi hreiðra sem fundist hefur á svæðinu. Í 16 hreiðranna voru fjögur egg en tvö í einu. Meðalfjöldi eggja 3,9. Fjöldi varppara var 17.

Jaðrakan - *Limosa limosa*

Alls sáust fimm óðalsbundin pör og auk þess fannst eitt hreiður með fjórum eggjum. Fjöldi varppara var 6.

.

Stelkur - *Tringa totanus*

Fjögur óðalsbundin pör sáust. Fjöldi varppara var 4.

Óðinshani - *Phalaropus lobatus*

Eitt par sást. Fjöldi varppara var 1.

Hettumáfur - *Croicocephalus ridibundus*

Að þessu sinni urpu allir hettumáfarnir í sefinu umhverfis Hundatjörn. 44 fuglar sáust við talningu ofan af klöppinni austan flóans. Alls fundust 25 hreiður. Fjöldi varppara reiknast út frá fjölda fugla ($44 \times 0,61 = 27$). Fyrstu ungar voru nýklaktir. Fjöldi varppara var 27.

Þúfuttittlingur – *Anthus pratensis*


Tvö hreiður fundust, bæði með fimm eggjum. Fjöldi varppara var 2.

Skógarpröstur - *Turdus iliacus*


Þrjú hreiður fundust. Eitt þeirra var með nýklöktum ungum, en ungar voru nýfarnir úr tveimur. Fjöldi varppara var 3.

Auðnutittlingur – *Carduelis flammea*

Eitt hreiður með fimm eggjum fannst. Fjöldi varppara var 1.



4. mynd. Dreifing varpfugla í Naustafloa 2022. Grágæs, endur, rjúpa, hettumáfur og spörfuglar.



5. mynd. Dreifing varpfugla í Naustafloa 2022. Vaðfuglar

4 AÐRIR FUGLAR

Hrafn flaug nokkrum sinnum yfir flóann í ætisleit. Músarrindill var syngjandi í trjánum suðvestan skýlis. Glókollur tísti norðan svæðis. .

5 SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR

Fækkun varppara milli talninga 2020 og 2022 um 43 pör skýrist eingöngu af verulegri fækkun hettumáfa. Stór hluti varpsvæðis hettumáfa var undir vatni fram eftir maímánuði í byrjun varptíma þeirra. Öndum fækkaði örlítið, úr 12 pörum 2020 í 10 pör nú. Rjúpu fjölgaði úr einu pari í tvö og er það í samræmi við fjölgun á Norðausturlandi í heild¹⁰. Vaðfuglum fjölgaði úr 21 pari 2020 í 28 pör nú. Hrossagaukum fjölgaði úr níu pörum í 17 pör og er þéttleiki þeirra mjög mikill.

1. tafla. Varpfuglar við Hundatjörn í Naustaflóa, 2008, 2009, 2010, 2012, 2014, 2016, 2018, 2020 og 2022.

TEGUND	2008	2009	2010	2012	2014	2016	2018	2020	2022
Álft	0	0	0	0	0	0	1	1	0
Grágæs	1	0	0	0	0	0	0	1	2
Rauðhöfðaönd	3	0	0	2	2	3	3	0	3
Urtönd	2	2	1	2	3	2	1	3	3
Stökkönd	4	3	3	5	2	4	5	5	2
Skúfönd	0	0	0	0	0	1	2	4	2
Rjúpa	2	1	0	2	2	3	3	1	2
Heiðlóa	0	1	0	0	0	0	0	0	0
Hrossagaukur	~4	7	6	5	7	9	9	9	17
Jaðrakan	1-2	3	4	5	4	4	7	8	6
Spói	0	1	1	2	1	1	1	0	0
Stelkur	2	4	2	1	2	1	2	2	4
Óðinshani	0	1	1	4	3	3	3	2	1
Hettumáfur	30	21	48	128	94	93	71	75	27
Þúfutittlingur	2	0	1	3	3	3	3	0	2
Skógarpröstur	0	0	0	0	0	0	2	7	3
Auðnutittlingur	0	0	0	0	0	0	1	0	1
ALLS:	~50	44	67	159	123	127	114	118	75
FJÖLDI TEG.:	10	10	9	11	11	12	15	12	14

6 LOKAORÐ

Fuglalífið í Naustaflóa er í góðu jafnvægi, þó alltaf séu örliðar breytingar á milli talninga. Álf, heiðlóa og spói urpu ekki á svæðinu vorið 2022. Flóinn var mjög blautur. Milli norður-suður skurðarins og varnargarðsins var allt undir vatni. Stór hluti hettumáfa sem orpið hafa í Naustaflóa hafa því þurft að leita annað. Fróðleg er þessi mikla aukning hrossagauka. Eins og áður er varp anda og vaðfugla þéttast í nyrðri hluta flóans umhverfis votlendið (4. og 5. mynd). Trjágróður er í miklum vexti, bæði í jöðrum sunnan Hundatjarnar og norðan skýlisins. Vel þarf að fylgjast með útbreiðslu lúpínu á svæðinu og bregðast strax við til að hindra framgang hennar. Naustaflói er gott dæmi um endurheimt votlendis og mjög áhugavert að fylgst verði reglulega með fuglalífinu á svæðinu.

7 ÞAKKIR

Sunna Björk Ragnarsdóttir fær þakkir fyrir vinnslu útbreiðslukortanna (4. og 5. mynd).

8 HEIMILDIR

1. Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2008*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.
2. Sverrir Thorstensen og Snævarr Örn Georgsson 2009. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2009*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 7 bls.
3. Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir og Þorlákur Snær Helgason 2010. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2010*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.
4. Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir, Kristján Óli Sverrisson og María Ketilsdóttir 2012. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2012*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 8 bls.
5. Sverrir Thorstensen, Lára Guðmundsdóttir, Þórey Ketilsdóttir, María Ketilsdóttir og Snævarr Örn Georgsson 2014. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2014*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 8 bls.
6. Sverrir Thorstensen 2016. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2016*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 7 bls.
7. Sverrir Thorstensen, Þorsteinn Þorsteinsson og Katrín Hermannsdóttir 2018. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2018*. Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrar. 9 bls.
8. Sverrir Thorstensen, Ketill Þór Thorstensen, Snævarr Örn Georgsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir 2020. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2020*. Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrar. 10 bls.
9. Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993. *Hettumáðsvörp í Eyjafirði 1990*. Bliki 13, 45-59.
10. *Rjúpnatalningar 2022*. Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands 27. maí 2022.

9 VIÐAUKI: Fræðiheiti fuglategunda.

Álft	<i>Cygnus cygnus</i>
Grágæs	<i>Anser anser</i>
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>
Urtönd	<i>Anas crecca</i>
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>
Hettumáfur	<i>Chroicocephalus ridibundus</i>
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>
Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>
Glókollur	<i>Regulus regulus</i>
Hrafn	<i>Corvus corax</i>
Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>